

Ársskýrsla landsaðgangs 2004

Landsaðgangur

Landsaðgangur að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum er upplýsingaveita fyrir Ísland. Allir sem tengjast í gegnum íslenska netveitu og eru staddir á landinu, hvort sem það eru Íslendingar eða aðrir, hafa aðgang.

Samningar um landsaðgang á árinu 2004 voru:

Áskriftir að gagnasöfnum:

Britannica Online
GROVE Art
GROVE Music & Opera
Myndað Morgunblað 20. aldar
Greinasafn Morgunblaðsins (-3 ár)
ProQuest Learning Literature
ProQuest Literature Online
ProQuest 5000
Web of Science

Áskriftir að tímaritasöfnum (greinasöfnum).

Innan sviga er fjöldi titla í september 2004:

Blackwell Synergy (694 titlar)
Elsevier ScienceDirect (1582 titlar)
Karger (82 titlar)
Kluwer Online (689 titlar)
Springer Link (484 titlar)

Á vef landsaðgangsins eru síðan krækjur á mörg gagnasöfn sem eru í opnum aðgangi og ekki tekin frekari ábyrgð á þeim aðgangi.

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn hefur gert þjónustusamning við menntamálaráðuneyti um framkvæmd samninga um landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Á fjárlögum ársins 2004 var úthlutað 20 milljónum króna til að standa straum af kostnaði við samninginn, þ.e. til að taka þátt í kostnaði við áskriftir og til að greiða laun starfsmanna safnsins sem sjá um samningagerð, umsýslu með samningum við birgja, kynningu, kennslu og innheimtu hjá þeim sem taka þátt í kostnaði við landsaðganginn.

Einn starfsmaður vann í fullu starfi við umsýslu, kynningu, umsjón með vefnum <http://hvar.is> og ýmis önnur störf sem tengjast landssamningum. Þrír aðrir starfsmenn hafa unnið að samningagerð, innheimtu og fjárumsýslu. Þessi störf samsvara tveimur ársverkum í safninu.

Kynningarstarfsemi

Í byrjun ársins var unnið að kynningum á aðganginum í skattstofum, bönkum og öðrum fjármálafyrirtækjum í samvinnu við starfsmannastjóra á hverjum stað. Í tengslum við það átak var aðgangurinn kynntur í samtökum fagfélaga í geiranum, SÍB og FLE, og skrifaðar greinar sem birtust í ritum þessara samtaka.

Umsjónarmaður landsaðgangs heimsótti nokkra staði og kynnti aðganginn. 30. september var farið til Ísafjarðar og Bolungarvíkur, 20. október var aðgangur kynntur á Bifröst, 12. nóvember í Verslunarskólanum, 15. nóvember lá leiðin til Akureyrar og 17. nóvember á Akranes. Umsjónarmaður naut aðstoðar bókavarda á hverjum stað.

Umsjónarmaður skrifaði greinar um aðganginn í *Austurgluggann*, *Vikudag*, *Stúdentablaðið* og *Morgunblaðið* á árinu. Hann kom fram í *Íslandi í bitíð* á Stöð 2, *Samfélaginu í nærmynd* á Rás 1 og í svæðisútvarpi Vestfjarða. Ítarleg umfjöllun var um landsaðganginn í *Morgunblaðinu* seint í október.

Bæklingum var dreift til bókasafna eftir beiðnum frá þeim og þegar umsjónarmaður kynnti aðganginn. Alls var dreift 3.450 bæklingum árið 2004.

Talsverð vinna felst í viðhaldi vefs landsaðgangs, <http://hvar.is>. Unnið var að breytingum á vefnum á árinu 2004.

Umsjónarmaður hélt fyrirlestra um landsaðganginn í tveimur námskeiðum í HÍ, líkt og fyrirrennari hafði gert. Þetta eru *Vinnulag í bókasafns- og upplýsingafræði* og *Upplýsingaleiðir II*, bæði kennd í bókasafnsfræðiskor. Efnistökin eru á þann veg að í fyrra námskeiðinu er farið almennt yfir aðganginn en í því seinna er farið dýpra í einstaka þætti hans.

Póstlistinn Skrudda, sem er opin öllum er vilja taka þátt, og vefsetrið hvar.is eru skilgreindar upplýsingaleiðir fyrir landsaðganginn. Yfir 500 áskrifendur voru að Skruddu árið 2004 og má ætla að nær allir sem starfa að bókasafna- og upplýsingamálum í landinu fylgist með skrifum þar. Fréttir af öllum nýjungum birtast reglulega á vefsetrinu hvar.is nema yfir sumarmánuðina, þegar minnst er um að vera.

Haldinn var fundur í Þjóðarbókhöðu 4. nóvember með helstu hagsmunaaðilum þar sem farið var yfir fjármál og samningamál landsaðgangsins. Þar kom skýrt fram að aðgangurinn væri hagstæðara form á innkaupum þessara gagna en aðrar leiðir, og að hagsmunaaðilar vilja að honum sé haldið við. Um leið kom skýrlega í ljós vandinn við fjármögnun, þar sem greiðendur töldu sig ekki geta staðið undir sömu greiðslum og höfðu verið.

Heimsóknir

Menntamálaráðherra kom í heimsókn í Þjóðarbókhöfðu 19. febrúar og ræddi stuttlega um landsaðganginn við umsjónarmann og stjórnendur.

Þrjú fulltrúar frá ProQuest komu hingað til lands dagana 17.-19. maí, kynntu gagnasöfn sín og þjálfuðu fólk í notkun þeirra á Akureyri og í Reykjavík. Astrid Magnúsdóttir bar hitann og þungann af undirbúningi heimsóknar til Akureyrar, þar sem 20 manns komu á kynningar og í þjálfun 17. maí. Í Reykjavík komu 74 á kynningar og 28 í þjálfun í tölvuveri 18. og 19. maí.

Innkaupanefnd

Samkvæmt þjónustusamningi starfar nefnd sex sérfræðinga við hlið Landsbókasafns, innkaupanefnd. Hlutverk hennar er að ákveða hvort taka eigi upp nýja samninga, endurnýja eldri eða fella þá niður. Hún ákveður einnig hlutfall bókasafnstegunda í greiðslum vegna gagna- og greinasafna.

Nefndin hélt 9 fundi á árinu. Rætt var um greiðsluskiptingu og möguleika á aðkomu nýrra aðila að greiðslum, breytta högun greiðslna fyrir tímaritasöfn og innra starf nefndarinnar. Nefndin fór í boði vinnuveitenda sinna, landsaðgangsins og Swets í heimsókn til Kaupmannahafnar 10. og 11. maí til að kynna sér starfsemi 11 útgefenda. Fulltrúi heilbrigðisbókasafna þáði ekki það boð.

Engir nýir samningar voru teknir upp á árinu og eldri samningar voru endurnýjaðir.

Ráðstefnur og aðrir fundir

Umsjónarmaður fór með innkaupanefnd til fundar við 11 útgefendur og áskriftarþjónustuna Swets í Kaupmannahöfn 10. og 11. maí. Hann fór í boði Elsevier á ráðstefnu um rafrænar áskriftir í Stokkhólmi 26. og 27. maí með forstöðumanni Sjávarútvegsbókasafnsins. Þar hélt hann tölu þar sem hart var deilt á Elsevier fyrir frammistöðu þeirra í gerð samninga við Ísland í lok árs 2003. Umsjónarmaður fór til fundar við 8 gagnasala og útgefendur á ráðstefnunni Online í London 30. nóvember til 2. desember, eins og árið áður.

Þjónusta

Í byrjun ársins voru settir upp nýir tímaritalistar. Þetta er þjónusta sem er keypt frá fyrirtækinu TDNet. Þessir listar eru í gagnagrunni sem fyrirtækið sér um að uppfæra og hýsa. Eldri listar voru handfærðir á html-formi og kröfðust mikillar vinnu, ættu þeir að vera dagréttir. Það var metið svo að verðið fyrir lista TDNet væri lægra en sem svaraði þessari vinnu. Nýju listarnir bjóða auk þess upp á þrenns konar uppflettingu. Hægt er að leita að einstökum tímaritum í leitarglugga, fara í stafrófsraðaða lista og efnisflokkada lista.

Notkun

Mikil aukning varð á notkun þeirra gagna- og greinasafna sem eru í áskrift í landsaðgangi að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum, sem sjá má á *hvar.is*. Þetta eru helstu tölur:

<i>Greinasafn</i>	Greinar sóttar í fullri lengd		Mismunur
	2004	2003	
Blackwell Synergy	52.515	45.093	16,5%
Elsevier ScienceDirect	143.332	109.482	30,9%
Karger Online	3.489	2.352	48,3%
Kluwer Online	11.665	12.154	-4%
Morgunblaðið - greinar eldri en 3 ár	41.064	<i>ekki í áskrift</i>	
ProQuest 5000	259.514	195.727	32,6%
SpringerLink	11.429	7.488	52,6%
Samtals	523.008	360.142	45,2%

Sé einungis tekið tillit til þeirra greinasafna sem voru í áskrift bæði 2003 og 2004, sem eru öll nema greinasafn Morgunblaðsins, var aukningin þar **33,8%**. 2004 voru 481.944 greinar sóttar í fullri lengd í þau, en 360.142 árið 2003.

<i>Gagnasafn</i>	Greinar sóttar í fullri lengd		Mismunur
	2004	2003	
Britannica	39.026*	41.417*	-5,8%
Grove Art	6.619	<i>ekki í áskrift</i>	
Grove Music & Opera	18.827	<i>ekki í áskrift</i>	
ProQuest LION	2.216*	1.527*	45,1%*
ProQuest Learning Literature	1.223	116	954,3%
Samtals	67.911	43.060	57,7%

<i>Tilvísanasafn</i>	Leitir 2004	Leitir 2003	Mismunur
Web of Science	107.258	93.035	15,3%

*Leiðréttar tölur fyrir notkun Britannica settar inn 18/1 2005. Áður voru rangar tölur, 50.282 fyrir árið 2004 og 37.440 fyrir árið 2003.

Tölur fyrir ProQuest LION eru einungis fyrir 8 mánaða notkun bæði árin.

Sé einungis tekið tillit til þeirra gagnasafna sem voru í áskrift bæði 2003 og 2004, Britannica og ProQuest-söfnin, var aukningin þar **37,5%**.

Fjöldi gesta á *hvar.is* jókst um 20,5% milli árána 2003 og 2004, var 96.886 fyrra árið en 116.777 seinna árið. Innlit jukust um 16,1% og flettingar um 12,1% á sama tíma. Þessar tölur benda til markvissari notkunar á *hvar.is*.

Sveinn Ólafsson